



FÉLAG UMHVERFISFRÆÐINGA
Á ÍSLANDI



SKÝRSLA STJÓRNAR
FÉLAGS UMHVERFISFRÆÐINGA Á ÍSLANDI
2017-2018

OKTÓBER 2018

Inngangur

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi hefur nú verið starfrækt í ellefu ár. Starfsemi félagsins hefur snúist um að stuðla að samskiptum og tengslamyndun félagsmanna og að ýta undir fræðslu og umræðu um umhverfismál í samfélaginu. Í því skyni hefur félagið staðið fyrir ýmsum viðburðum.

Á starfsárinu hafa bæst við fjórir meðlimir og einn félagi sagði sig úr félaginu. Á lista yfir félagsmenn eru nú 116 skráðir, þar af 29 með nemaaðild.

Stjórn félagsins

Aðalfundur félagsins 2017 var haldinn í Petersen svítunni í Gamla bíó þann 9. nóvember 2017. Í stjórn voru kosnar Ragnhildur Freysteinsdóttir og Tinna Eiríksdóttir. Í stjórn frá síðustu kosningum voru Birgitta Stefánsdóttir, Ingunn Gunnarsdóttir og Steinar Kaldal. Í varastjórn var kosinn Orri Páll Jóhannsson, fyrir voru í varastjórn Anna Margrét Kornelíusdóttir og Hólmfríður Þorsteinsdóttir.

Stjórn skipti með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og er Steinar Kaldal formaður, Birgitta Stefánsdóttir gjaldkeri, Ragnhildur Freysteinsdóttir ritari og Ingunn Gunnarsdóttir og Tinna Eiríksdóttir meðstjórnendur.

Stjórn félagsins hélt alls sex stjórnarfundum á starfsárinu; 23. nóvember, 18. janúar, 28. febrúar, 22. maí, 14. ágúst og 19. september. Á milli funda voru stjórnarmenn í töluverðum samskiptum á fésbókarsíðu stjórnar félagsins. Varamenn eru boðaðir á alla stjórnarfundum og hafa tekið virkan þátt í starfi stjórnar.

Fjármál félagsins

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi stendur vel fjárhagslega, eins og sjá má í ársreikningi félagsins. Upphæð félagsgjalda er óbreytt frá fyrri árum, eða 3.000. Innheimta félagsgjalda hefur gengið vel, en krafa félagsgjalda var stofnuð í apríl 2018 og því eru aðeins 13 ógreidd félagsgjöld í lok fjárhagsárs. Allar ógreiddar kröfur síðan 2016 hafa verið felldar niður og þar að auki voru kröfur á félagsmenn sem hafa óskað eftir að hætta í félaginu verið felldar niður. Eigið fé í lok fjárhagsárs (31. ágúst 2018) var 1.736.055 krónur.

Endurskoðendur reikninga fjárhagsárs 2017-2018 eru Guðmundur Ingi Guðbrandsson og Ragnhildur Helga Jónsdóttir.

Starfsemi félagsins á starfsárinu

Nefndir

Ein nefnd starfar nú innan félagsins – Námsnefnd. Í henni sitja Salome Hallfreðsdóttir, Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir og Vanda Úlfrún Liv Hellsing. Verkefni nefndarinnar er að yfirfara umsóknir um félagsaðild samkvæmt samþykktum verklagsreglum og var þeim umsóknum um aðild sem bárust félaginu vísað til námsnefndar.

Atburðir á vegum félagsins á starfsárinu

- 14. febrúar: Opinn fræðslufundur um endurheimt votlendis og mólendis á Íslandi, haldinn í Iðnó. Eypór Eðvarsson, fulltrúi París 1,5 fjallaði um votlendi og votlendissjóðinn og Þórdís Björt Sigþórsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun fjallaði um árangur á endurheimt votlendis sem mótvægisáðgerð. Þórunn Pétursdóttir, landgræðsluvistfræðingur hjá Landgræðslu ríkisins, sem átti að fjalla um endurheimt mólendis, var veðurteppt og komst ekki á fund.

- 21. mars: Opinn fræðslufundur um umhverfisáherslur ungra bænda, skógrækt og endurheimt þurrlendis, haldinn í Iðnó. Edda S. Oddsdóttir, sviðsstjóri rannsóknasviðs Skógræktarinnar, fjallaði um skógrækt sem kolefnisbindingu, Þórunn Pétursdóttir, landgræðsluvistfræðingur hjá Landgræðslu ríkisins, fjallaði um losun kolefnis frá rofnu þurrlendi og Jóna Björg Hlökkversdóttir, formaður stjórnar Samtaka ungra bænda, fjallaði um umhverfisáherslur ungra bænda.
- 9. maí: Fræðsluhádegi í samstarfi við Umhverfis- og auðlindafræði í Háskóla Íslands, haldið í Gimli, Háskóla Íslands. Dr. David Cook og Ingunn Gunnarsdóttir sögðu frá doktorsrannsóknnum sínum á sjálfbærnivísunum, vistkerfisþjónustu og sjálfbærri orkuþróun, auk þess sem Birgitta Stefánsdóttir kynnti Félag umhverfisfræðinga stuttlega.
- 7. júní: Sumargleði FUMÍ, haldin á Kex Hostel. Samvera, spjall og veitingar í boði félagsins.
- 29. ágúst: FUMÍ fer á fjall, gengið á Vífilfell. Eygerður Margrétardóttir leiddi gönguna.
- 29. september: Gítar og grill. Grill- og gítarveisla fyrir félagsmenn, haldin í heimahúsi.

Samfélagsmiðlar

Félagið hefur vefsíðu, www.fumi.is, sem þjónar fyrst og fremst sem almenn upplýsingaveita um félagið og starfsemi þess. Upplýsingum um viðburði hefur verið miðlað til félagsmanna í gegnum tölvupóst félagsins og fésbókarsíðu þess. Einnig hefur verið miðlað þar upplýsingum um viðburði tengda umhverfismálum á vegum annarra aðila. Stjórnarmenn hafa skipst á að sinna umsjón með tölvupósti og fésbókarsíðu.

Lokaorð

Stjórn Félags umhverfisfræðinga hefur lagt sig fram um að bjóða upp á fjölbreytta viðburði, enda umhverfismál víðfeðmur málaflökkur. Hefur þar bæði verið um að ræða viðburði fyrir félagsmenn og opna viðburði fyrir almenning og hefur stjórnin þar haft til hliðsjónar skoðanakönnun sem gerð var meðal félagsmanna í mars 2017. Ágætis mæting hefur verið á viðburði félagsins á starfsárinu, sem er þakkarvert.

Stjórn Félags umhverfisfræðinga vill þakka félagsmönnum og öðrum kærlega fyrir ánægjuleg samskipti á liðnu starfsári. Sérstakar þakkir eru færðar öllum þeim sem lögðu viðburðum félagsins lið og þeim sem þátt tóku í þeim.